

Samningur velferðarráðuneytisins og Rauða krossins á Íslandi um móttöku, aðstoð og stuðning við hóp flóttafólks 2015–2017

1. Samningsaðilar

1.1. Verkkaupi er velferðarráðuneytið, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 101 Reykjavík, kennitala: 601210-1340.

1.2. Verksali er Rauði krossinn á Íslandi, Efstaleiti 9, 103 Reykjavík, kennitala: 530269-2649.

Hlutverk Rauða krossins byggist á grundvallarmarkmiðum Alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans um mannúð, hlutleysi, óhlutrægni, sjálfstæði og sjálfböðna þjónustu. Auk þess byggir hlutverk Rauða krossins á stöðhlutverki (e. auxiliary role) félagsins við stjórnvöld. Félagið veitir stjórnvöldum ráðgjöf samkvæmt samningnum sem byggir á:

- Sérfræðipækkingu sem byggir á þátttöku í starfi Alþjóðasambands landsfélaga Rauða krossins og Rauða hálfmánans.
- Samningi og samstarfi við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna.
- Sérfræðipækkingu starfsmanna og sjálfböðaliða við móttöku, aðstoð og aðlögun flóttamanna og hælisleitenda.

2. Verkefni

Ríkisstjórn Íslands hefur samþykkt að taka á móti flóttafólki frá Sýrlandi sem er staðsett í Líbanon. Hópurinn samanstendur af tíu fjölskyldum, 21 fullorðnum og 33 börnum, samtals 54 einstaklingum. Ráðgert er að hópurinn komi til landsins í janúar 2016. Við veitingu aðstoðar og þjónustu samkvæmt samningi þessum er gert ráð fyrir samstarfi milli Rauða krossins á Íslandi, Akureyrarkaupstaðar, Hafnarfjarðarbæjar, Kópavogsbæjar og velferðarráðuneytisins, hér eftir nefndur samstarfshópur.

Með samningi þessum tekur verksali að sér að:

- 2.1.** Gæta hagsmuna framangreindra einstaklinga og veita þeim almenna liðveislu, sbr. viðmiðunarreglur flóttamannanefndar um móttöku og aðstoð við hópa flóttafólks, dags. 10. maí 2013 (fylgiskjal 3), grundvallarmarkmið Alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans og verkaskiptingu vegna móttökuverkefnis kvótaflóttamanna frá Sýrlandi 2015–2017, sjá fylgiskjal 2.
- 2.2.** Nýta sérfræðipækkingu starfsmanna og sjálfböðaliða á vegum Rauða krossins við móttöku, aðstoð og aðlögun flóttafólks.
- 2.3.** Hafa umsjón með stuðningsfjölskyldum og veita þeim fræðslu, stuðning og handleiðslu.
- 2.4.** Undirbúa íbúðir flóttafjölskyldnanna fyrir komu þeirra og aðstoða fjölskyldurnar við að koma upp nauðsynlegu innbúi og heimilistækjum.
- 2.5.** Taka stöðumatsviðtöl við flóttafólkið til að meta aðstæður sem fjölskyldurnar búa við og þjónustuna sem veitt er innan móttökuverkefnisins.
- 2.6.** Aðstoða við að útvega flóttafjölskyldunum nauðsynlegan fatnað í gegnum Fataúthlutun Rauða krossins.
- 2.7.** Aðstoða fjölskyldurnar við alþjóðlega leitarþjónustu fyrir flóttafólk, gerist þess þörf.
- 2.8.** Taka saman stöðumatsskýrslu þegar 6 mánuðir eru liðnir frá komu hópsins og einum mánuði eftir að móttökuverkefni hópsins lýkur.
- 2.9.** Vinna að lokaskýrslu í samvinnu við samstarfshópinn.
- 2.10.** Skila fjárhagslegu lokauppgjöri tveimur mánuðum eftir að móttökuverkefni hópsins lýkur.
- 2.11.** Taka þátt í fræðslu- og kynningarstarfi fyrir samstarfsaðila verkefnisins í samvinnu við samstarfshópinn.
- 2.12.** Tilnefna fulltrúa í framkvæmdahóp og samráðshóp móttökuverkefnisins.

3. Greiðslur

3.1. Verkkaupi greiðir verksala 41.000.000 kr. á gildistíma samningsins fyrir þá þjónustu sem fram kemur í 2. gr., sbr. viðmiðunartölur um kostnaðarskiptingu, sjá fylgiskjal 1 með samningi þessum. Fjárhæðin greiðist við undirritun samnings inn á reikning 0342-26-555, kt. 530269-2649. Greiðsla verksala er fullnaðargreiðsla sem skal standa straum af öllum kostnaði tengdum verkefninu hjá Rauða krossinum á Íslandi.

3.2. Verksala er heimilt að færa fjármuni á milli kostnaðarliða sbr. fylgiskjal 1.

4. Fjárreiður og fjárhagslegar ráðstafanir

4.1. Ríkisendurskoðun getur framkvæmt fjárhags- og stjórnáskilendurskoðun á samningnum samkvæmt lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997 og lögum um ríkisendurskoðun, nr. 86/1997.

4.2. Halda skal kostnaði vegna verkefnisins sérgreindum í bókhaldi verksala og veita verkkaupa upplýsingar um fjárhagslega stöðu verkefnisins, sé þess óskað. Upplýsingarnar skal afhenda eigi síðar en tveimur vikum eftir að beiðni berst. Fjárhagslegu lokauppgjöri skal skila eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að móttökuverkefninu lýkur.

5. Vanefndir

5.1. Telji verkkaupi framkvæmd verkefnisins, í heild eða að hluta, ábótavant (vanefnd) eða ef verksali uppfyllir ekki samningsskyldur sínar, þrátt fyrir að hafa fengið frest til úrbóta, skal verkkaupi gera skriflega athugasemd þar að lútandi. Ber verksala þá tafarlaust að ráðast í þær úrbætur sem teljast nauðsynlegar miðað við efni samningsins.

5.2. Verði verulegar eða ítrekaðar vanefndir af hálfu samningsaðila getur hvor aðili um sig sagt upp samningi þessum með þriggja mánaða fyrirvara. Uppsögn skal vera skrifleg.

6. Réttarfar

Mál sem rísa kunna vegna brota á samningi þessum eða vegna ágreinings um túlkun hans skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

7. Framsal réttinda

7.1. Verksala er óheimilt að veðsetja rétt sinn samkvæmt samningi þessum.

7.2. Verksala er enn fremur óheimilt að framselja rétt sinn samkvæmt samningi þessum.

8. Samningstími

8.1. Samningur þessi er gerður skv. 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997 og gildir frá 15. nóvember 2015 til 15. febrúar 2017.

8.2. Verði tafir á komu flóttafólks sem leiða til þess að sú þjónusta sem Rauði krossinn veitir skv. þessum samningi þurfi að standa lengur en til 15. febrúar 2017 eru samningsaðilar sammála um að taka upp viðræður um launalið samningsins.

9. Frumrit samnings og fyrirvari um staðfestingu

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og telst hvort um sig fullgilt frumrit samningsins. Eitt eintak skal vera í vörslu verkkaupa og annað í vörslu verksala.

Reykjavík, 12. janúar 2016.

Eygló Harðardóttir
félags- og húsnæðismálaráðherra

Sveinn Kristinnsson
formaður Rauða krossins